



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

Alþingi
Erindi nr. P 138/2236

komudagur 12.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Skagafjörður, 12. maí 2010
nr. erindis 1005029 GG

Á 516. fundi Byggðarráðs Skagafjarðar í dag, miðvikudaginn 12. maí 2010 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsögn um þingsályktunartillögu um samgönguáætlun

Svofelld bókun var gerð:

„Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar telur óásættanlegan niðurskurð á fjárveitlingum til Vegagerðarinnar vegna viðhalds vega, þjónustu og vetrarviðhalds, svo sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

Varðandi Skagafjörð sérstaklega leggur byggðarráð áherslu á eftirtalin atriði:

1. Viðhald vega - mikilvægt að vegum sé haldið vel við, ekki síst malarvegum. Ef viðhald er vanrækt kallar það á meiri kostnað síðar sem komast hefði mátt hjá. Bent er á að viðhaldsverkefni eru mannaflafrek og geta því hjáþað í erfiðu atvinnuástandi í samfélaginu nú um mundir.
2. Ljúka framkvæmdum við Strandgötu á Sauðárkróki í framhaldi af Þverárfallsvegi. Umferðaraukning á þessari leið er mikil og slík að mjög aðkallandi er að ljúka þessu verkefni áður en slys verður í þeim flöskuhálsi sem myndast hefur við aðkomuna inn í þéttbýlið á Sauðárkróki.
3. Flug til Sauðárkróks. Rekstraraðila verði gert kleift að halda áfram þjónustu við Skagafjörð og nágrenni með sama hætti og verið hefur, á gildistíma áætlunarinnar.
4. Hvatt er til þess að fylgt verði tillögu svokallaðs "Lágheiðahóps" þegar sett var af stað jarðgangaframkvæmd um Héðinsfjörð á sínum tíma. Hópurinn lagði til að gerður yrði betri sumarvegur um Lágheiði en uppbygging hans virðist ekki á dagskrá í samgönguáætluninni.

Sveitarstjóra falið að koma bókun byggðarráðs á framfæri við nefndasvið Alþingis og þingmenn kjördæmisins.“

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með með von um skjót og jákvæð viðbrögð við athugasemdum ráðsins.

Virðingarfyllst,
f.h.

Byggðarráðs Skagafjarðar


Guðmundur Guðlaugsson

Sveitarstjóri

Afrit sent: Samgönguráðherra og alþingismönnum Norðvesturkjördæmis